

Persónuverndaryfirlýsing vegna miðlunar Volkswagen Group Info Services AG á hleðslugögnum fyrir fólksbíla frá Volkswagen, atvinnubifreiðar frá Volkswagen og vörumerkin Audi, Skoda, Seat og Cupra (Charging Control)

Með þessari persónuverndaryfirlýsingu veitum við þér upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga þinna hjá Volkswagen Group Info Services AG.

Volkswagen Group Info Services AG gegnir hlutverki miðlægs tengipunkts fyrir akstursgögn fyrir ýmis vörumerki innan Volkswagen-samstæðunnar. Það felur í sér að miðlun akstursgagna þinna til þjónustuveitenda að þínu vali fer fram með miðlægum hætti hjá okkur.

A. Ábyrgðaraðili vegna vinnslu persónuupplýsinga

Ábyrgðaraðili vegna vinnslu persónuupplýsinga þinna er Volkswagen Group Info Services AG. Þú getur skrifað okkur á eftirfarandi heimilisfang:

Volkswagen Group Info Services AG

Berliner Ring 2

38440 Wolfsburg

Þýskalandi

gis-support@cariad.technology

Skráð í fyrirtækjaskrá undir númerinu HRB 207876 (hjá héraðsdómstól í Braunschweig)

Vefsvæði: <https://drivesomethinggreater.com/>

B. Persónuverndarfulltrúi

Persónuverndarfulltrúi okkar er tengiliður þinn vegna alls sem tengist persónuvernd. Senda skal fyrirspurnir til:

Datenschutzbeauftragter der Volkswagen Group Info Services AG

Berliner Ring 2

38440 Wolfsburg

Þýskalandi

gis-privacy@cariad.technology

C. Tilgangur með vinnslu persónuupplýsinga

Volkswagen Group Info Services AG miðlar hleðslugögnum fyrir bílinn þinn – hvort sem um er að ræða fólksbíl frá Volkswagen, atvinnubifreið frá Volkswagen eða bíl af gerðinni Audi, Skoda, Seat eða Cupra – til þjónustuveitanda að þínu vali. Þessi gagnamiðlun fer fram til þess að þú getir notað stafrænar þjónustur sem þú hefur samið um við þjónustuveitandann til að draga út orkunotkun og hleðslukostnaði. Volkswagen Group Info Services AG lætur þjónustuveitanda á þínum vegum í té grundvallarupplýsingar um hleðslu bílsins (t.d. um hleðslustöðu og hver hleðslan á að vera) og gerir honum kleift að senda hleðsluskipanir í því skyni að skipuleggja tíma hleðslu og tryggja að hún gangi sem best fyrir sig. Þetta er gert í þágu stjórnunar og bestunar á bílaflotum sem og til að hafa umsjón og eftirlit með stöðu bílsins. Auk þess gerir varan þjónustuveitandanum kleift að framkvæma fyrstu athugun á því hvort viðkomandi einstaklingur uppfyllir skilyrði fyrir því að nota þjónustuna.

Vinnsla persónuupplýsinga fer fram í eftirfarandi tilgangi:

1. Til að bæta hleðslueiginleika og orkunotkun

Markmiðið er að snjallstýra hleðslu rafbíla til að nýta orku með skilvirkum hætti, draga úr kostnaði og stuðla að stöðugleika í veitukerfinu. Til þess er unnið með viðeigandi bifreiðargögnum og sendar hleðsluskipanir.

- Látnar eru í té hleðsluupplýsingar (t.d. um hleðslustöðu og hver hleðslan á að vera)
- Hleðslu er stjórnað og skipulagt hvenær hún á að fara fram

- Dregið er úr orkunotkun og hleðslukostnaði

2. Athugun á aðgangi og notkunarheimild

Áður en byrjað er að nota þjónustuna er kannað hvort viðkomandi aðili uppfyllir öll tæknileg og lagaleg skilyrði. Þjónustuveitandinn framkvæmir þessa athugun.

- Athugun á notkunarheimild áður en notkun hefst
- Staðfesting á tæknilegum skilyrðum fyrir hleðslubestun

D. Flokkar persónuupplýsinga

Volkswagen Group Info Services AG tekur á móti persónuupplýsingum í eftirfarandi flokkum frá Volkswagen AG (Berliner Ring 2, 38440 Wolfsburg), Audi (Auto-Union-Str. 1, 85057 Ingolstadt), ŠKODA AUTO a.s. (tř. Václava Klementa 869, 293 01, Mladá Boleslav) og SEAT CUPRA, S. A. U. (Autovía A-2, km 585, 08760 Martorell) og miðlar þeim áfram til þjónustuveitandans sem þú hefur gert samning við:

- Hleðslusnið
- Hleðsluafli
- Hleðslustaða
- Tímastilling hleðslu og brottfarar
- Kílómetrastaða
- Verksmiðjunúmer (grindarnúmer)

Frá þjónustuveitandanum sem þú hefur gert samning við fær Volkswagen Group Info Services AG samningsnúmer/-skjöl fyrir samninginn milli þjónustuveitandans og þín, svo tryggt sé að Volkswagen Group Info Services AG miðli hleðslugögnum á grundvelli verksmiðjunúmers eingöngu ef fyrir liggur gildandi samningur milli þjónustuveitandans og þín.

E. Lagagrundvöllur

Vinnsla persónuupplýsinga hjá Volkswagen Group Info Services AG fer fram á grundvelli lögmætra hagsmuna (f-liður 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar) og nauðsynlegra efnda á samningnum sem þú sem skráður aðalnotandi bílsins hefur gert (b-liður 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar) við þjónustuveitanda að þínu vali um notkun á stafrænum þjónustum til að draga úr orkunotkun og hleðslukostnaði.

Volkswagen Group Info Services AG gegnir hlutverki miðlægs tengipunkts vegna miðlunar akstursgagna fyrir ýmis vörumerki innan Volkswagen-samstæðunnar og hefur lögmæta hagsmuni af því að miðla gögnum sem vörumerki innan Volkswagen-samstæðunnar senda til Volkswagen Group Info Services AG áfram til þjónustuveitenda með viðeigandi heimild í gegnum gagnamiðstöð okkar (<https://drivesomethinggreater.com/>).

Í þeim tilvikum þar sem aðrir nota bílinn þinn með reikningi aðalnotanda er auðkenning af okkar hálfu ekki möguleg. Ef við fáum með einhverjum hugsanlegum hætti vitneskju um þetta fer vinnsla persónuupplýsinga viðkomandi notenda jafnframt fram á grundvelli lögmætra hagsmuna Volkswagen Group Info Services AG (f-liður 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar).

F. Viðtakendur upplýsinga

Upplýsingarnar þínar eru afhentar eftirtöldum viðtakendum í ofangreindum tilgangi:

- þjónustuveitandanum sem þú hefur valið;
- vinnsluaðilum þjónustuveitandans sem þú hefur valið;

- vinnsluaðilum Volkswagen Group Info Services AG.

G. Uppruni upplýsinga

Við fengum upplýsingarnar þínar frá:

- Volkswagen AG, Berliner Ring 2, 38440 Wolfsburg
- Audi (Auto-Union-Str. 1, 85057 Ingolstadt)
- ŠKODA AUTO a.s., tř. Václava Klementa 869, 293 01, Mladá Boleslav
- SEAT CUPRA, S.A.U., Autovía A-2, km 585, 08760 Martorell, sem og
- frá þjónustuveitandanum sem þú gerðir samning við.

H. Geymslutími

Volkswagen Group Info Services AG geymir aldrei þær persónuupplýsingar sem hér eru tilgreindar. Sem miðlægur tengipunktur fyrir akstursgögn frá ýmsum vörumerkjum innan Volkswagen-samstæðunnar miðlar Volkswagen Group Info Services AG upplýsingum þínum frá viðkomandi vörumerki tæknilega til þjónustuveitandans sem þú hefur gert samning við. Upplýsingunum er því eingöngu miðlað áfram án þess að þær séu geymdar hjá okkur.

Vegna varðveisluskyldu samkvæmt verslunar- og skattarétti sem og vegna persónuverndarlöggjafar (ábyrgðarskyldu) varðveitir Volkswagen Group Info Services AG eingöngu með vörðum hætti upplýsingar um að til tiltekins viðtakanda hafi verið miðlað upplýsingum vörunnar „Charging Control“ (sjá lið D.) fyrir tiltekið verksmiðjunúmer bíls án þess að vista sjálft tilteknu hleðslugögnin sem miðlað var áfram (sjá lið D.).

Samningsnúmer/-skjöl og verksmiðjunúmer bílsins eru vistuð í að hámarki fjögur ár eftir að samningurinn við viðkomandi aðila fellur úr gildi.

I. Réttindi þín

Þú getur hvenær sem er nýtt þér réttindi þín gagnvart Volkswagen Group Info Services AG þér að kostnaðarlausu.

Nánari upplýsingar um hvernig þú getur neytt réttar þíns er að finna á vefsíðunni

<https://drivesomethinggreater.com/legal-notice/privacy-notice/data-hub>

Réttur til aðgangs að upplýsingum

Þú hefur rétt til aðgangs að upplýsingum, þ.e. að óska eftir því að fá staðfestingu á því hvort við vinnum úr persónuupplýsingum sem varða þig og þá hvaða persónuupplýsingar er um að ræða sem og til að fá upplýsingar um til hvaða aðila persónuupplýsingum þínum hefur verið miðlað. Þú hefur jafnframt ávallt rétt á að fá frá okkur afrit af þeim persónuupplýsingum sem við höfum unnið með. Við vekjum athygli á því að sem miðlægur tengipunktur fyrir akstursgögn frá ýmsum vörumerkjum innan Volkswagen-samstæðunnar miðlar Volkswagen Group Info Services AG upplýsingunum eingöngu tæknilega áfram en vistar þær ekki sjálft (sjá lið H.).

Réttur til leiðréttingar

Þú hefur rétt á að fara fram á að við leiðréttum rangar eða ófullnægjandi persónuupplýsingar um þig. Við vekjum athygli á því að sem miðlægur tengipunktur fyrir akstursgögn frá ýmsum vörumerkjum innan Volkswagen-samstæðunnar miðlar Volkswagen Group Info Services AG upplýsingunum eingöngu áfram en vistar þær ekki sjálft (sjá lið H.).

Réttur til eyðingar

Þú hefur rétt á að fara fram á að upplýsingum um þig sé eytt, að uppfylltum skilyrðum 17. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar. Þú getur þá til dæmis farið fram á að upplýsingum um þig sé eytt ef þær eru ekki lengur nauðsynlegar í þeim tilgangi sem lá að baki söfnun þeirra. Þú getur

einnig farið fram á að upplýsingum sé eytt ef vinnsla okkar á upplýsingunum byggist á samþykki þínu og þú dregur samþykki þitt til baka. Við vekjum athygli á því að sem miðlægur tengipunktur fyrir akstursgögn frá ýmsum vörumerkjum innan Volkswagen-samstæðunnar miðlar Volkswagen Group Info Services AG upplýsingunum eingöngu áfram en vistar þær ekki sjálf (sjá lið H.).

Réttur til takmörkunar á vinnslu

Þú hefur rétt á að fara fram á að vinnsla persónuupplýsinga þinna verði takmörkuð þegar skilyrði 18. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar eiga við. Um slíkt er meðal annars að ræða þegar þú vefengir að persónuupplýsingar þínar séu réttar. Þú getur þá farið fram á að vinnsla persónuupplýsinga þinna sé takmörkuð þar til staðfest hefur verið að þær séu réttar. Við vekjum athygli á því að sem miðlægur tengipunktur fyrir akstursgögn frá ýmsum vörumerkjum innan Volkswagen-samstæðunnar miðlar Volkswagen Group Info Services AG upplýsingunum eingöngu áfram en vistar þær ekki sjálf (sjá lið H.).

Réttur til að flytja eigin gögn

Ef vinnsla persónuupplýsinga byggist á samþykki eða samningsefndum og er jafnframt sjálfvirk hefur þú rétt á að fá persónuupplýsingar þínar á skipulegu, algengu, tölvulesanlegu sniði og senda þær til annars ábyrgðaraðila. Þú hefur einnig rétt á að fara fram á að við sendum persónuupplýsingar þínar beint til annars ábyrgðaraðila. Við vekjum athygli á því að sem miðlægur tengipunktur fyrir akstursgögn frá ýmsum vörumerkjum innan Volkswagen-samstæðunnar miðlar Volkswagen Group Info Services AG upplýsingunum eingöngu áfram en vistar þær ekki sjálf (sjá lið H.).

Andmælaréttur

Svo fremi sem vinnsla okkar á persónuupplýsingum þínum fer fram á grundvelli lögmætra hagsmuna hefur þú rétt á að andmæla vinnslu persónuupplýsinga þinna vegna sérstakra aðstæðna þinna. Ef andmæli þín eiga við um vinnslu persónuupplýsinga í þágu beinnar markaðssetningar getur þú nýtt þér almennan andmælarétt sem við munum virða án þess að tilgreina þurfi ástæður.

Réttur til að draga samþykki til baka

Ef vinnsla persónuupplýsinganna byggist á samþykki hefur þú hvenær sem er rétt á að draga samþykki þitt til baka með framvirkum hætti, þér að kostnaðarlausu, með því að senda tölvupóst á gis-support@cariad.technology.

Ábending í samræmi við 11. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar

Við vekjum athygli á því að við sem Volkswagen Group Info Services AG getum í mörgum tilvikum ekki persónugreint aðra notendur bílsins og samkvæmt 11. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar er okkur ekki skylt að afla eða vinna viðbótarupplýsingar til að persónugreina skráðu einstaklingana. Þegar þú neytir réttar þíns gagnvart okkur þurfum við að ganga úr skugga um að þú teljist vera skráður einstaklingur í skilningi almennu persónuverndarreglugerðarinnar og kunnum því að óska eftir frekari upplýsingum frá þér. Þannig er jafnframt tryggt að við brjótum ekki gegn réttindum þriðja aðila þegar við afhendum persónuupplýsingar.

Sjálfvirk ákvarðanataka

Ekki fer fram sjálfvirk ákvarðanataka samkvæmt 22. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar.

Réttur til að leggja fram kvörtun

Þú hefur jafnframt rétt á að leggja fram kvörtun hjá eftirlitsyfirvaldi vegna vinnslu okkar á persónuupplýsingum þínum. Volkswagen Group Info Services AG heyrir undir eftirfarandi eftirlitsyfirvald:

Der Landesbeauftragte für den Datenschutz Niedersachsen,
Prinzenstraße 5,
30159 Hannover,
poststelle@lf.niedersachsen.de

Útgáfa frá ágúst 2025